

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 2.5.2019
Tilvísun vor: M-2019-102/ 00.11

Efni: Umsögn um 782. mál - þriðji orkupakkinn

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um *frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (EES-reglur, viðurlagsákvæði)*, mál 782. Landsvirkjun hefur kynnt sér málið og þakkar tækifæri til að skila inn umsögn um frumvarpið.

I. Kafli: Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum:

Fyrirtækið gerir athugasemdir við tvær greinar:

Við 1. málslið 2. mgr. 3. gr.: Í stað orðanna „sbr. 4., 5. og 6. gr.“ komi „sbr. 4., 5., 6. og 7. gr., sem og eftirlits með vinnslufyrirtækjum skv. 1. mgr. 28. gr.“

Við 1. mgr. 4. gr. b.: Landsvirkjun leggur til að í stað orðanna „brýtur gegn 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 7. Gr., 5. mgr. 8. gr., 1. – 2. másl. 2. gr.“ komi „brýtur gegn 5. mgr. 8. gr., 1. – 2. másl. 2. gr.“

Landsvirkjun bendir í þessu sambandi á að orkuvinnsla fellur undir samkeppnislög og í þeim lögum eru ákvæði um stjórnvaldssektir. Jafnframt er vakin á að d) liður, 4. mgr. 37. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB er svohljóðandi (undirstrikun Landsvirkjunar):

„d) að beita skilvirkum, hóflegum og letjandi viðurlögum á raforkufyrirtæki sem uppfylla ekki skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun eða öðrum lagalega bindandi ákvörðunum eftirlitsyfirvalds eða stofnunarinnar, eða að leggja til að valdbær dómstóll beiti slíkum viðurlögum. Til þeirra skal teljast heimild til að beita eða leggja til beitingu viðurlaga sem nema allt að 10% af ársveltu flutningskerfisstjórnans á flutningskerfisstjórnann eða allt að 10% af árlegru veltu lóðrétt sambætta fyrirtækisins á lóðrétt sambætta fyrirtækið, eftir aðstæðum, vegna þess að ekki var farið eftir ákvæðum um skyldur þeirra samkvæmt þessari tilskipun og“

Ákvæði tilskipunarinnar um stjórnvaldssekt geti numið allt að 10% af ársveltu á því við um flutningskerfisstjórnann eða lóðrétt sambætt fyrirtæki. Þessi fyrirtæki hafa sérleyfi og geta því takmarkað aðgang þriðja aðila að kerfum sínum. Það gildir ekki um fyrirtæki í samkeppnisrekstri sem eingöngu stunda annað hvort vinnslu eða sölu rafmagns.

II. Kafli: Breytingu á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003, með síðari breytingum.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemd við þennan kafla. Fyrirtækið telur að þátttaka stofnunarinnar í samstarfi eftirlitsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu geti verið gagnleg. Hún getur ef vel tekst til eftir stofnunina, gert eftirlit hennar enn skilvirkara, styrkt þekkingu hennar og auðveldar henni að fylgjast með þróun markaðarins.



Mál þetta er fram komið í tengslum við innleiðingar á raforkutilskipun Evrópuþingsins og ráðsins sem er hluti hins svokallaða þriðja orkupakka. Landsvirkjun hefur með bréfi dagsettu 29. apríl 2019 sent utanríkismálanefnd Alþingis umsögn um mál 777: *Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. Viðauka (Orka) við EES -samninginn (þriðji orkupakkinn)*. Umsögnin er í fylgiskjali.

Landsvirkjun hvetur nefndina til að afgreiða frumvarpið með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Fyrirtækið að sjálfsgöðu reiðubúið til að mæta á fund nefndarinnar og veita upplýsingar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

Fylgiskjal:

Bréfi Landsvirkjunar til utanríkismálanefndar Alþingis dagsett 29. apríl 2019. Umsögn um mál 777: *Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. Viðauka (Orka) við EES -samninginn (þriðji orkupakkinn)*.

